



**Kenning og
sáttmálar 81–83**
19.–25. JÚLÍ

„**S**tyð þá óstyrku,
lyft máttvana
örmum og styrk
veikbyggð kné (Kenn-
ing og sáttmálar 81:5).

Þjóna samferðafólki okkar

**Thomas S. Monson forseti:
Fyrirmynd þjónustu**

Aldur þegar hann var kallaður sem biskup: 22
Fjöldi deildarmeðlima: yfir 1.000
Fjöldi ekkna í deild hans: 85

Öldungur Jeffrey R. Holland í Tólfpostulasveitinni, sagði frá því hvernig Monson biskup annaðist ekkjurnar: „Margir vita kannski að hinn ungi biskup, Monson, varði viku af frítíma sínum um hver jól við að heimsækja allar þessar áttatíu og fimm ekkjur í deildinni hans. Margir vita kannski ekki að fyrstu árin var gjöfin sem hann færði þeim ein af . . . hænunum sem hann hafði alið upp og tekið úr eigin alifuglabúi.“¹

Monson biskup sagði frá því hvernig hann hjálpaði öldruðum hjónum sem þurftu að mála heimilið sitt: „Á andartaks innblástursstund fannst mér ég ekki eiga að kalla öldungasveitina eða sjálfboðaliða til að nota málningarpenslana, heldur fylgdi ég velferðarhandbókinni og kallaði til fjölskyldumeðlimi sem þjuggu á öðrum svæðum. Fjórir tengdasynir og fjórar dætur tóku sér málningarpensla í hönd og tóku þátt í verkinu.“² Innblásturinn varð til að endurtengja fjölskylduna og hjálpa þeim að annast betur um hvert annað.

Við getum ekki elskað Guð með sanni, ef við elskum ekki samferðafólk okkar í þessari jarðlífsferð.“³ – Thomas S. Monson forseti

HEIMILDIR

1. Jeffrey R. Holland, „President Thomas S. Monson: Man of Action, Man of Faith, Always „on the Lord’s Errand,“ *Ensign*, feb. 1986, 12–13.
2. Thomas S. Monson, „The Bishop—Center Stage in Welfare,“ *Ensign*, nóv. 1980, 89.
3. Thomas S. Monson, „Kærleikur – kjarni fagnaðarerindisins,“ *aðalráðstefna*, apríl 2014.

